Reykjanesbæ 10.maí 2022

Íþrótta- og tómstundaráð leggur mikla áherslu á að myndaður verði starfshópur til að yfirfara þörf íþrótta- og tómstundahreyfingarinnar á aðstöðu sem hreyfingin hefur yfir að ráða.

T.d. er hægt að selja eða finna Akademíunni önnur not og byggja nýtt fimleikahús fyrir fimleikadeild Keflavíkur?

Ætlum við að fara í nauðsynlegt viðhald á stúku Keflavíkur sem og að lagfæra Hringbrautarsvæðið, eða er viturlegra að byggja nýja stúku við gervigrasvöllinn vestan Nettóhallar?

Á að klára stúku og búningaaðstöðu UMFN við Afreksbraut eða útbúa aðstöðu fyrir bæði félög undir stúkunni vestan Nettóhallar?

Á að móta frístundastefnu til framtíðar og færa félagsmiðstöðvar starfið í auknum mæli út í hverfin?

Ljóst er að áherslur stjórnmálaflokkanna eru afar líkar fyrir kosningarnar og nú er lag að forgangsraða fjármagni í átt að þessum mikilvæga málaflokki. Oft var þörf en nú er nauðsyn.

Ofangreind verkefni eru valin af handahófi, af nógu er að taka.

*Hafþór Barði Birgisson*

*Íþrótta- og tómstundafulltrúi*

REYKJANESBÆR
Íþrótta- og
tómstundafulltrúi

**Ráðhús Reykjanesbæjar**
Tjarnargata 12
230 Reykjanesbær

Sími: 421 6700
reykjanesbaer@reykjanesbaer.is
www.reykjanesbaer.is

- Virðing
- Eldmóður
- Framsækni